

Árið 2014, miðvikudaginn 4. júní, var á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, í málinu nr. E-3712/2013:

KSÍ ehf.

gegn

Landsbankanum hf.

kveðinn upp svohljóðandi

d ó m u r :

Mál þetta, sem dómtekið var hinn 28. maí sl., að lokinni aðalmeðferð, var höfðað fyrir dómþinginu af KSÍ ehf., Laugardalsvelli, Reykjavík, á hendur Landsbankanum hf., Austurstræti 11, Reykjavík, með stefnu áritaðri um birtingu 24. september 2013.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að viðurkennt verði að samningur stefnda við stefnanda, dagsettur 22. september 2006, feli í sér gengistryggingu í andstöðu við lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu. Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu.

Stefndi krefst sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi stefnda.

II

Málavextir eru þeir, að hinn 22. september 2006 gengu Landsbanki Íslands hf., og stefnandi frá svokölluðum viðskiptasamningi um reiknislánalínu að fjárhæð 1.000.000.000 króna. Samkvæmt samningnum skyldi Landsbanki Íslands hf. hafa til reiðu fyrir stefnanda lán í íslenskum krónum svo og öllum algengum gjaldmiðlum, sem bankinn ætti viðskipti með. Í 17. gr. samningsins sagði undir lið 17.1 að hann gildi frá undirritun til 1. ágúst 2007. Í lið 17.2 sagði svo að ef annar hvor samningsaðila hefði ekki sagt samningnum upp með skriflegum hætti með þriggja mánaða fyrirvara framlengdist hann um sex mánuði.

Stefnandi dró átta sinnum á lánið frá 25. september 2006 til og með 30. júlí 2007 samtals að höfuðstól 635.000.000 krónur. Samkvæmt lánsbeiðnum var mynt og upphæð tilgreind 50% svissneskir frankar og 50% japönsk jen og fjárhæðin í

íslenskum krónum. Landsbanki Íslands hf. greiddi lánsféð allt út í íslenskum krónum inn á reikning stefnanda hjá bankanum nr. 101-26-501202, en samkvæmt framlögðum kaupnótum fóru fram gjaldeyrisviðskipti við útgreiðslu lánsins, þar sem tilgreindar voru þær erlendu myntir sem stefnandi seldi fyrir íslenskar krónur. Öll lánin voru ítrekað framlengd með undirritun stefnanda á lánsbeiðnir, en í þeim var lánsfjárhæðin einungis tilgreind í erlendum myntum. Númer lánsins hjá Landsbanka Íslands hf. var 5756. Hélt það við flutning lánsins til stefnda. Stefnandi kveður lánsféð hafa verið notað til framkvæmda við Laugardalsvöll.

Endurgreiðsla lánsins miðaðist við gengi erlendra gjaldmiðla. Endurgreiðslan fór fram á árunum 2007 og lauk henni 22. desember 2009. Stefnandi hafði þá samtals greitt 1.016.697.669 krónur. Af þeirri fjárhæð voru 533.070.004 krónur greiddar stefnda á árinu 2009.

Lögmaður stefnanda sendi stefnda bréf, dagsett 27. júlí 2011 og svo aftur 13. ágúst 2012, þar sem þess var kafist að lánin samkvæmt lánsamningnum yrðu endurreiknuð og stefnanda endurgreitt það sem honum hefði verið gert að greiða umfram skyldu.

Með bréfi stefnda, dagsettu 26. júlí 2012, tilkynnti stefndi stefnanda að lánið yrði ekki endurreiknað.

III

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að óheimilt hafi verið að binda skuldbindingar stefnanda samkvæmt lánsamningnum við gengi erlendra gjaldmiðla. Samkvæmt 14. gr., sbr. 13. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sé einungis heimilt að verðtryggja sparifé og lánsfé þegar grundvöllur verðtryggingarinnar sé vísitala neysliverðs, sem Hagstofa Íslands reikni eða að miðað sé við hlutabréfavísitölu, innlenda eða erlenda, eða safn slíkra vísitalna sem ekki mæli breytingar á almennu verðlagi.

Litið hafi verið svo á að annars konar verðtrygging en ofangreind sé í andstöðu við lög. Vísar stefnandi um það til dóma Hæstaréttar Íslands frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010 og 153/2010, þar sem komist hafi verið að þeirri niðurstöðu að í nefndum lögum hafi falist bann við því að „lán í íslenskum krónum séu verðtryggð með því að binda þau við gengi erlendra gjaldmiðla“. Reglur laganna um þetta séu ófrávíkjanlegar og verði því ekki samið um grundvöll verðtryggingar sem ekki sé stöð fyrir í lögum. Í dómunum komi einnig fram með skýrum hætti að „lán í erlendri mynt falli ekki undir reglur um heimildir til verðtryggingar lánsfjár í íslenskum krónum í VI. kafla laga nr. 38/2001.“ Í þessu felist að skuldbindingar í lánsamningum um greiðslu í erlendri mynt teljist gildar að lögum. Hæstiréttur hafi eftir að þessir dómar gengu, leyst úr því í allmörgum öðrum dómsmálum hvort skuldbindingar í lánsamningum teldust vera í erlendum myntum eða íslenskum krónum og miðað við gengi erlendra gjaldmiðla. Vísar stefnandi til dóms réttarins frá 9. júní 2011 í máli nr. 155/2011 og frá 17. janúar 2013 í máli nr. 286/2012, en þar segi m.a.: „með því að eina fjárhæðin sem beint eða óbeint var tilgreind í lánsamningnum, var í íslenskum krónum getur engum vafa verið háð að hann tók eingöngu til skuldbindingar í þeim gjaldmiðli, sem óheimilt var samkvæmt 14. gr. laga nr. 38/2001, að binda við gengi erlendra gjaldmiðla“. Í lánsamningi Landsbanka Íslands hf. og stefnanda hafi það verið

svo að eina lánsfjárhæðin sem beinlínis sé nefnd hljóði upp á íslenskar krónur. Byggir stefnandi á því að vegna þessa verði að líta svo á að skuldbindingar hans samkvæmt samningnum hafi verið í íslenskum krónum og að ekki hafi verið heimilt að miða þær við gengi erlendra gjaldmiðla.

Við mat á því hvort lán sé gengistryggt eða það sé í erlendri mynt hafi dómstólar m.a. litið til heitis lánsamnings, tilgreiningar lánsfjárhæðar og vaxta auk þess sem litið hafi verið til tilhögunar á útborgun lánsfjárhæðar og greiðslu afborgana og vaxta. Heiti samningsins sem Landsbanki Íslands hf. hafi gert við stefnanda „KR. 1.000.000.000, - Viðskiptasamningur um reikningslánalínu“. Heiti samningsins bendi því til þess að lánið hafi verið veitt í íslenskum krónum.

Lánsfjárhæðin sé tilgreind bæði í heiti samningsins og í 2. kafla samningsins. Í grein 2.1 segi: „Bankinn skal hafa til reiðu fyrir lántaka reikningslánalínu að fjárhæð kr. 1.000.000.000, - eittþúsund milljónir 00/100.“ Í grein 2.2 komi svo fram að innan þessara marka sé lántaka heimilt að taka lán hjá bankanum í íslenskum krónum svo og öllum algengum erlendum gjaldmiðlum sem bankinn eigi viðskipti með. Því virðist samningurinn aðallega gera ráð fyrir því að lánið sé í íslenskum krónum en að stefnanda sé heimilt að óska eftir láni í erlendum gjaldmiðlum.

Í 5. kafla lánsamningsins sé fjallað um vexti af láninu. Í grein 5.1 komi fram að lánshlutar sem stefnandi tæki í íslenskum krónum skyldu miðast við Reibor-vexti eins og þeir væru skráðir að morgni þess dags sem lánið sé greitt út að viðbættu 0,70% álagi. Samkvæmt grein 5.2 (síðari greinin sem beri það nafn) í lánsamningnum skyldu vaxtakjör lánshluta í erlendum gjaldmiðlum vera LIBOR-vextir eins og þeir ákvörðuðust fyrir viðkomandi gjaldmiðil fyrir hvert vaxtatímabil hverju sinni, tveimur bankadögum fyrir upphaf hvers vaxtatímabils að viðbættu 0,70% álagi.

Þegar komi að mati á því hvernig útborgunum yrði hagað, greiðslum af láninu og vöxtum af því, hljóti að skipta mestu máli hvort útborganir af láninu hafi verið í íslenskum krónum eða í erlendum gjaldeyri. Allir lánshlutar hafi verið greiddir út í íslenskum krónum. Kaupnótur, sem bankinn hafi gefið út og sýni einhver meint gjaldeyrisviðskipti, geti vart haft þýðingu, vegna þess að bankinn hafi aldrei lánað stefnanda gjaldeyri sem félagið hafi getað haft viðskipti með. Stefnandi hafi fyllt út lánsbeiðnir, þar sem óskað hafi verið eftir lánnum í öðrum gjaldmiðlum og endurgreitt hluta lánsins í öðrum gjaldmiðlum en íslenskum krónum. Stefnandi hafi átt gjaldeyrisreikning hjá Landsbanka Íslands hf. en lánið hafi engu að síður alltaf verið greitt út í íslenskum krónum. Að öllu ofangreindu virtu telji stefnandi að lánsamningur nr. 5756, milli Landsbanka Íslands hf. og stefnanda, hafi verið lán í íslenskum krónum sem hafi á ólögsmætan hátt verið bundið gengi erlendra gjaldmiðla.

Um lagarök vísar stefnandi til laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu og 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Kröfu um málskostnað byggir stefnandi á 129. gr. og 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því, að með undirritun sinni á útborgunarbeiðnir hafi stefnandi skuldbundið sig til þess að taka lán í erlendum gjaldmiðlum, nánar tiltekið í svissneskum frönskum og japönskum jenum. Stefndi telur að krafa hans á hendur stefnanda, samkvæmt hinum umdeildu lánessamningum séu skuldbindingar í erlendri mynt og falli þess vegna utan gildissviðs VI. kafla laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, sbr. 1. mgr. 13. gr. þeirra laga. Byggir stefndi á því, að viðskiptasamningurinn og framkvæmd lánveitingarinnar, þ.e. útgreiðsla lánsins og endurgreiðsla þess, beri það með sér að um skuldbindingu í erlendri mynt sé að ræða.

Stefndi telur útilokað að líta á viðskiptasamning aðila frá 22. september 2006, sem eiginlegan lánessamning. Á forsiðu sammingsins sé skýrt tekið fram að um sé að ræða „reikningslánalínu“. Þá vísar stefndi til þess að í grein 3.1 í samningnum segi, að „hver lánshluti sem lántaki tekur innan lánsheimildar reikningslánalínunnar telst vera sjálfstætt lán“. Í ljósi þessa sé ljóst að viðskiptasamningur aðila sé ekki sjálfstætt lán heldur sé um að ræða lánalínu, en á grundvelli hennar hafi stefnandi átt þess kost að óska eftir láni. Líkt og fyrr greini hafi stefnandi óskað eftir láni í átta skipti á tímabilinu 22. september 2006 til 30. júlí 2007. Verði að líta á hverja þessara átta útborgana sem sjálfstæða lántöku og löggæring.

Stefnandi hafi fyllt út lánsbeiðnir, þar sem óskað hafi verið eftir láni í erlendri mynt og hafi hver lánshluti verið greiddur út í hinum umbeðnu erlendu myntum. Þá hafi afborganir af lánunum einnig verið inntar af hendi í erlendri mynt. Staðfesti þetta að umrædd átta lán aðila hafi verið veitt stefnanda í erlendri mynt. Stefndi vísar í þessu sambandi einnig til kaupnótta og millifærslukvittana, sem liggja að baki hverri útborgun, og sýni svart á hvítu að raunveruleg viðskipti hafi átt sér stað með gjaldeyri við lánveitinguna. Stefndi hafi fengið framangreind gögn en aldrei gert athugasemdir við efni þeirra.

Í ljósi framangreinds sé haldlaust fyrir stefnanda að vísa til dómafordæma Hæstaréttar Íslands í málunum nr. 155/2011 og 386/2012, en í þeim báðum hafi verið um að ræða eiginlega lánessamninga þar sem eina tilgreining lánsfjárhæðar hafi verið í íslenskum krónum. Í máli þessu sé hins vegar ekki til að dreifa eiginlegum lánessamningi heldur séu lánsskuldbindingar aðila reistar á útborgunarbeiðnum, þar sem skýrlega sé óskað eftir láni í erlendri mynt.

Enn fremur beri að líta til þess að í framangreindum dómum hafi afborganir af umdeildum lánunum ætíð verið inntar af hendi í íslenskum krónum, sem ekki sé reyndin í þessu máli. Í málinu liggja fyrir að stefnandi hafi ætíð greitt af lánunum í erlendri mynt, en þar sem stefnandi hafi ekki átt gjaldeyrisreikning í japönskum jenum og svissneskum frönskum hafi hann keypt umræddar myntir ýmist með dollurum, evrum eða íslenskum krónum, líkt og framlagðar kaupnótur beri með sér. Að mati stefnda sé fráleitt að ætla að skuldbinding sem greidd sé til baka í erlendum myntum verði metin sem skuldbinding í íslenskum krónum. Stefndi hafi þannig efnt aðalskyldu sína samkvæmt samningum aðila í erlendum gjaldmiðlum.

Þá kveður stefndi að tekjustreymi stefnanda sé og hafi verið að miklu leyti í erlendri mynt, m.a. vegna styrkja frá Alþjóðlega knattspyrnusambandinu, FIFA, og

Knattspyrnusambandi Evrópu, UEFA, sbr. ársreikninga stefnanda frá árinu 2007, en þar sé beinlínis tekið fram að stefnandi hafi fengið styrki frá FIFA og UEFA vegna bygginga nýrra höfuðstöðva við Laugardalsvöll. Hafi stefnandi því tekið umþrætt lán hjá stefnda vitandi það að félagið ætti von á styrkjum í erlendri mynt. Í ljósi erlendu styrkjanna sé ekki óeðlilegt að stefnandi hafi viljað takmarka gengisáhættu sína með því að taka lán til framkvæmdanna einnig í erlendri mynt. Vísar stefndi í þessu tilliti til áritunar stjórnenda stefnanda í ársreikningi félagsins frá 2008, en þar segi orðrétt: „Rekstrarhagnaður sambandsins nam um 278 m.kr. samanborið við tap á árinu á undan að fjárhæð 35 m.kr. Þessi mikla breyting á rekstrarhagnaði skýrist af stórauðnum tekjum í erlendri mynt. Tap samstæðu Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2008 nam um 163 m.kr. Tap skýrist af miklu gengistapi af erlendu láni vegna framkvæmda á Laugardalsvelli en gengistap vegna þess nam á árinu tæpum 390 m.kr.“ Að mati stefnda sýni tilvitnaður texti vel tilgang og markmið stefnanda með lántöku sinni í erlendri mynt en með henni hafi félagið getað stýrt gengisáhættunni. Lánssamning aðila beri að skýra í þessu ljósi sem og í ljósi þeirra samtímagagna sem sýni skýrt að stefnandi hafi ætíð litið svo á að um væri að ræða lántökur í erlendri mynt.

Stefndi telur að einnig beri að líta til beiðna stefnanda um framlengingu lána en í þeim sé eina tilgreining lánsfjárhæðar í erlendri mynt, þ.e. í japönskum jenum og svissneskum frönskum. Í þessu samhengi vísar stefndi til dóms Hæstaréttar Íslands frá 14. nóvember 2013 í málinu nr. 337/2013, en í því hafi verið fallist á að sanningsformið hafi verið eins og í dómi Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 155/2011, svokölluðu Mótormax-máli. Á hinn bóginn hafi Hæstiréttur talið að líta bæri til fimm viðauka sem gerðir hafi verið við samninginn í því skyni að breyta skilmálum hans um gjalddaga höfuðstóls og vaxta. Í þeim viðaukum hafi í öllum tilvikum verið tilgreindar eftirstöðvar lánsins í evrum. Í engu tilviki hafi eftirstöðvar verið tilgreindar í íslenskum krónum. Hafi Hæstiréttur talið þessar breytingar gefa vísbendingu um það viðhorf sanningsaðila að lánið hafi verið veitt í evrum. Stefndi telur að nákvæmlega sömu sjónarmið eigi við í þessu máli enda sé vandséð hvaða tilgangi það þjóni að tilgreina lánsfjárhæðina í erlendri mynt í beiðnum um framlengingu, hafi lánið í reynd verið í íslenskum krónum.

Stefndi byggir á því að framangreind atriði varpi skýru ljósi á þá staðreynd að skuldbindingar stefnanda samkvæmt hinum umþrættu lánssamningum séu sannarlega í erlendum myntum en ekki í íslenskum krónum. Þá verði heldur ekki annað ráðið af ársreikningum stefnanda fyrir árin 2007 til 2009 en að stefnandi hafi sjálfur litið á hinar umþrættu skuldbindingar sem skuld í erlendum gjaldmiðlum og viðurkenni með því lögmæti lánanna, enda beri stjórnendur hlutafélags ábyrgð á ársreikningi félags og útgáfu hans, sbr. 3. mgr. 44. gr. laga nr. 3/1995, um einkahlutafélög og 3. gr. laga nr. 3/2006, um ársreikninga.

Teljast skuldbindingar stefnanda samkvæmt umþrættum lánssamningum vera í íslenskum krónum byggir stefndi á því að honum hafi verið heimilt, samkvæmt 2. gr. laga nr. 38/2001, að víkja frá ákvæðum VI. kafla laganna þar sem lánssamningarnir hafi sannarlega verið stefnanda til hagsbóta. Vísar stefndi í því samhengi til vaxtakjara stefnanda samkvæmt lánssamningunum, sem hafi verið umtalsvert betri en honum hefði ella boðist og vísar stefndi til þess að LIBOR-vextir hafi verið umtalsvert hagstæðari fyrir stefnanda en REIBOR-vextir á íslenskar krónur á því tímabili sem vaxtagreiðslur hafi verið inntar af hendi.

Stefndi byggir enn fremur á því, að hann hafi ekki haft neinar forsendur til að ætla, þegar lánin hafi verið veitt stefnanda, að lánveitingarnar kynnu að reynast stefnanda óhagstæðari heldur en aðrar þær leiðir sem val hafi staðið um, enda hafi tekjustreymi stefnanda mest verið í erlendri mynt. Vegna tekjustreymis stefnanda í erlendum gjaldmiðlum hafi engan veginn falist sama áhætta í því að taka erlent lán eins og fyrir þá sem njóti einungis tekna í íslenskum krónum. Byggir stefndi á því að ljóst hafi verið að stefnandi yrði ekki fyrir tjóni af gengisfalli krónunnar, m.a. vegna þess að stefnandi hafi átt erlendan gjaldeyri tiltækan á gjalddögum afborgana, sbr. ársreikning stefnanda árið 2008. Hafi því ekki verið fyrirsjáanleg gengisáhætta tengd lánunum hjá stefnanda þegar þau hafi verið veitt.

Um lagarök vísar stefndi til laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, almennra reglna samninga- og kröfuréttar, um samningsfrelsi, skuldbindingargildi loforða og efnaskyldu krafna.

Kröfu um málskostnað byggir stefndi á 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála.

V

Mál þetta varðar ágreining um hvort lánsamningur sem stefnandi gerði við Landsbanka Íslands hf., hinn 22. september 2006, varði lánsfé í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum.

Um er að ræða svokallaðan viðskiptasamning um reikningslánalínu. Ákvæðum samningsins, sem mestu ráða við úrlausn ágreinings aðila, er lýst hér að framan. Eins og að framan er lýst er samningurinn á forsiðu sagður vera viðskiptasamningur um reikningslánalínu að fjárhæð 1.000.000.000 krónur og í upphafsorðum hans segir að bankinn lofi að veita lántaka framkvæmdafjármögnun í formi reikningslánalínu að fjárhæð 1.000.000.000, eittþúsund milljónir 00/100, í íslenskum krónum eða þeim erlendu myntum sem bankinn á viðskipti með. Í samningnum er hins vegar hvergi sagt til um hvort lánið komi til með að verða í einhverjum erlendum gjaldmiðlum fremur en íslenskum krónum, hverjir þeir gjaldmiðlar þá yrðu. Fjárhæð lánsins er þannig í grunninn ákveðin og tilgreind í íslenskum krónum. Hins vegar er gert ráð fyrir því að hver lánshluti sem lántaki taki innan lánsheimildar reikningslánalínunnar teljist vera sjálfstætt lán og gert ráð fyrir sérstakri lánsbeiðni um einstaka lánshluta. Þrátt fyrir það verður að líta svo á að með undirritun aðila á hinn svokallaða viðskiptasamning hafi komist á lánsamningur milli þeirra með þeim skilmálum sem þar greinir.

Óumdeilt er að stefnandi dró átta sinnum á lánið samkvæmt framlögðum lánsbeiðnum, þar sem mynt og upphæð lánsins var tilgreind 50% svissneskir frankar og 50% japönsk jen og fjárhæðin í íslenskum krónum.

Í samræmi við dóma Hæstaréttar Íslands gefa ákvæði sambærilegra samninga ekki skýrt til kynna hvort skuldbinding aðila sé í íslenskum krónum eða erlendum gjaldmiðlum og þarf þá að meta heildstætt, m.a. eftir efnadum aðila, hvort samið hafi verið um lán í erlendum gjaldmiðlum eða íslenskum krónum, bundið við

gengi erlendra gjaldmiðla.

Fyrir liggur að lánsfjárhæðirnar voru greiddar út í íslenskum krónum inn á íslenskan reikning stefnanda, og að láninu var ætlað að fjármagna byggingaframkvæmdir á Íslandi. Samkvæmt ákvæðum viðskiptasamningsins skuldbatt stefnandi sig til þess að endurgreiða lánin í þeim gjaldmiðlum sem það samanstæði af. Stefnandi greiddi af láninu í erlendum gjaldmiðlum, enda átti hann gjaldeyrisreikning hjá Landsbankanum, en hann naut erlendra styrkja við þær framkvæmdir sem láninu var ætlað að fjármagna. Með því að einu fjárhæðir sem beint eða óbeint voru tilgreindar í lánsamningi og lánsbeiðnum, voru í íslenskum krónum og stefnandi fékk í samræmi við það greiddar íslenskar krónur, verður að líta svo á að hér sé um að ræða lán sem ákveðið var í íslenskum krónum, bundið við gengi erlendra gjaldmiðla, sbr. og til hliðsjónar dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 386/2012. Breytir það ekki þessari niðurstöðu þótt stefnandi hafi greitt af láninu í ýmsum erlendum myntum sem og síðari tilgreining lánsfjárhæðarinnar á beiðnum um framlengingu lánanna og enn síður þótt tilgreining lánsins sé svo í ársreikningum stefnanda.

Samkvæmt 13. og 14. gr., sbr. 2. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu, og dómafordæmi Hæstaréttar Íslands er lánabinding eða annars konar skuldbinding í íslenskum krónum við gengi erlendra gjaldmiðla óheimil. Slík verðtrygging er ólögmat og ógild. Stefndi hefur ekki sýnt fram á með gögnum eða á annan hátt að undantekningarákveði í lokamálslið 2. gr. laga nr. 38/2001 um að óheimilt sé að semja um grundvöll verðtryggingar, sem ekki er stoð fyrir í lögum, en stefndi ber sönnunarbyrði fyrir því, sbr. dóm Hæstaréttar Íslands í málinu nr. 603/2010. Þá getur forsenda stefnda fyrir lánveitingunni ekki breytt þeirri niðurstöðu. Þar af leiðandi er fallist á dómkröfu stefnanda um að viðurkennt verði með dómi að lánsamningur aðila, dagsettur 22. september 2006, sé bundinn ólögmati gengistryggingu samkvæmt lögum nr. 38/2001.

Með hliðsjón af framangreindri niðurstöðu og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991, um meðferð einkamála, verður stefndi dæmdur til þess að greiða stefnanda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 600.000 krónur og hefur þá verið litið til virðisaukaskattsskyldu stefnanda.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Viðurkennt er að samningur stefnda við stefnanda, dagsettur 22. september 2006, feli í sér gengistryggingu í andstöðu við lög nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Stefndi Landsbankinn hf., greiði stefnanda, KSÍ ehf., 600.000 krónur í málskostnað.

Hervör Þorvaldsdóttir

